

Miðvikudaginn 7. júní 1995.

Nr. 162/1995.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Þorvarði Jóhanni Jónssyni

(Magnús Thoroddsen hrl.)

Áfrýjunarheimild. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærvalds með stefnu 27. apríl 1995. Krefst ákærvaldið þess, að hinn áfrýjaði dómur verði felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Vesturlands og því verði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Af hálfu ákærða hefur engin greinargerð borist.

Í héraði var málið tekið til dóms að ákærða fjarstöddum samkvæmt heimild í 1. mgr. 126. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Var ákærði dæmdur til greiðslu sektar, að fjárhæð 70.000 krónur, auk þess sem hann var sviptur ökurétti í þrjú ár frá dómsbirtingu. Samkvæmt 1. mgr. 150. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 10. gr. laga nr. 37/1994, verður dómi, sem gengur samkvæmt 1. mgr. 126. gr. laganna, einungis áfrýjað um lagaatriði eða viðurlög og að fengnu leyfi Hæstaréttar. Slíks leyfis hefur ekki verið aflað. Verður af þessum sökum ekki hjá því komist að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Samkvæmt 1. mgr. 169. gr. laga nr. 19/1991 verður allur kostnaður af áfrýjun sakarinnar lagður á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Allur sakarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Magnúsar Thoroddsen hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.